



Stjórn Öldungaráðs Suðurnesja kom saman til fundar mánudaginn 29.júní 2020 kl 17:00.Fundarstaður Nesvellir.

Mættir: Eyjólfur Eytseinsson,form.,Magnús S.Magnússon,Sigurbjörg Jónsdóttir,Þórdís S.Kristinsdóttir og Sigurður Jónsson.

Forföll boðuðu:Ásta Björk Eiríksdóttir,Sigurbjörg Eiríksdóttir og Jóngeir Hlinason.

1. Rætt um fyrirhugaðan fund með heilbrigðisráðherra í haust,sem halda á hér á Suðurnesjum um Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Fram kom að ritari ráðherra Silja óskar eftir að hugmyndir um tímasetningu og dagskrá fundarins þegar nær dregur fundinum með ráðherra. Stjórnin ræddi um fyrirkomulag fundarins. Þar kom fram að fulltrúar sveitarstjórna myndu flytja ávarp svo og fagaðilar. Ennfremur kom sú hugmynd upp að fá fulltrúa eldri borgara sem nýta þjónustuna til að segja frá sinni reynslu. Ákveðið að vinna áfram aðm undirbúningi.

2. Formaður gerði grein fyrir undirritun samnings um samvinnu heimahjúkrunar HSS og stuðningsþjónustu Reykjanesbæjar. Samninginn undirrituðu forstjóri HSS og bæjarstjóri Reykjanesbæjar.
2. Stjórnin samþykkir að næsti fundur verði í byrjun september 2020 og að stefnt verði að því að halda opin fund með Heilbrigðisráðherra í lok september 2020.

Fundi slitið kl. 17:45

Sig.Jónsson ritaði fundargerð .